



Formanna og yfirþjálfara fundur

Þriðjudaginn 17.febrúar kl. 18:00

Mættir:

Arnar & Ágúst TKD Aftureldingu. Sigursteinn TKD Selfoss og Einherja, Gulleik & Inga TKD Ármann. Birgitta TKD Grindavík. Rut TKD Grindavík og Keflavík. Þórey Guðný TKD Keflavík. Karl Jóhann TKD KR. Vania TKD Fram. Hlynur TKD Fram og Breiðablik.

Stjórn TKI- Kolbrún(Kolla), Eduardo, Örn, Margrét (Magga), Maria Guðrún, Varastjórn Hlynur, Vania og Richard (Rikki)

Málefni fundar:

1. Afreksstefna.
2. Reglur vegna Íslandsmót í poomsae.
3. Svartbeltispróf reglur. Rætt verður um framhald deilda vegna svartbeltispróf.
4. Greiðsla til félaga vegna móta.
5. Daedo vörur.
6. Skráning á mót, lagfæringar, skráningarfrestur.
7. Nefndir innan TKI (móta,- landsliðs,- dómara, - nefndir) ástæða þeirra og ávinningur.
8. Farið verður aðeins yfir Reykjavík international games, hvað er þetta að gera fyrir okkur, kostnaður og fleira.
9. Ársþing. Lög og reglur TKI.
10. Önnur mál.

Kolbrún formaður setur fundinn og biður fólk velkomið. Fulltrúar frá Selfossi komust ekki vegna veðurs en það var ekki hægt að fresta fundi því það styttist í ársþing TKÍ. Kolbrún tilnefnir Örn sem fundarstjóra og Margréti sem fundarritara.

Afreksstefna TKÍ

Kolla kynnrir endurbætta afreksstefnu en ÍSÍ hafði gert athugasemdir við nokkra þætti í stefnunni. Stefnan er lögð fram og verður tekin til samþykktar á ársþingi TKÍ í mars.

Sigursteinn nefnir að afreksstefnan hafi í raun aldrei komið almennilega til framkvæmdar. Kolla nefnir að stefnan sé bara stefna og markmið um þætti sem við viljum vinna að og því þurfi félögin og TKÍ að vinna saman. Við þurfum öll að lesa stefnuna og reyna að vinna að henni saman.

Reglur vegna Íslandsmóts í poomse

Kolla kynnið reglur sem við viljum festa á Íslandsmótum í poomse.

Regla eitt er sú að í para- og hópapoomse þá er hægt að blanda milli félaga og stigin skiptast á milli félaga. Í parakeppni er bara karl og kona. Í hópakeppni eru bara karlar eða bara konur.

Regla tvö er sú að við fylgjum WTF reglum sem felst í því að rauðbelti keppa á móti svörtum beltum og þurfa því að kunna hærri poomse en beltid þeirra segir til um.

Regla þrjú er um sameiningu flokka. En við sameinum eftir ári t.d. 25 ára + er sameinaður upp í veterian en 24 - er sameinaður niður junior ef þess þarf.

Meiri hluti samþykkir þessar breytingar.

Svartbeltispróf

Svartbeltispróf á vegum TKÍ verða algjörlega í samræmi við kröfur Kukkiwon. Forpróf (þrekpróf) verða ekki í svartbeltisprófum á vegum TKÍ en ef einstaka félög vilja forpróf í sínum félögum þá geta þau haft sín forpróf (þrekpróf).

Hlynur nefnir að reglur Kukkiwon séu hin eiginlega viðmið sem notuð eru út um allan heim og því gott hjá TKÍ að fylgja þeim.

Gulleik nefnir að það þurfi að vera virkir iðkendur sem taka svartbeltispróf.

Sigursteinn er sammála því að þetta séu virkir iðkendur .

Gulleik kemur með tillögur að okkar kröfur séu í samræmi við Kukkiwon en að auki séu aðrar kröfur eins og t.d. að viðkomandi sé virkur iðkandi, hann mælir með forprófinu því það eigi ekki að vera auðvelt að taka svartbeltispróf og ekki hver sem er geti komið inn og tekið próf.

Hlynur er sammála en nefnir að þá geti hvert félag haft auka kröfur á sína félaga eins og t.d. þrekpróf og þau hleypa ekkert fólki í TKÍ próf nema það standist þeirra próf.

Gulleik spyr hvort TKÍ sé að hætt að halda stór sameiginleg próf. Kolla segir að enginn hafi skráð sig í próf og greitt staðfestingargjald. Þetta rætt.

Sigursteinn nefnir að hann sé með réttindi til að gráða svartbeltispróf og spyr hvort það eigi að ganga framhjá sér og fá alltaf erlenda prófdómara. Þetta rætt frekar.

Hlynur segir að það séu tveir á Íslandi hafi réttindi til að gráða upp í 4. dan og það eru Sigursteinn og Hlynur. Það þurfa að vera reglur.

Fram kom að ef við getum gert þetta hér á landi með okkar fólki þá væri það til bóta.

Þess vegna er svo mikilvægt að TKÍ setji ákveðnar kröfur svo prófið verði ekki óvænt eftir hentisemi hvers prófdómara fyrir sig.

Rut nefnir að ramminn er til og að það sé óþægilegt að undirbúa iðkendur eftir ákveðnum ramma og svo sé ekki farið eftir honum eins og gert var í síðasta prófi. Það er mikilvægt að fara eftir þessum ramma.

Eduardo nefnir að TKÍ prófin séu til að hjálpa deildum sem hafa ekki eigin meistara til að gráða sína svartbeltispróf. Síðan geta þær deildir sem hafa meistara með réttindi gráðað í sínum félögum.

Kolla leggur til að við búum til svartbeltisnefnd til klára þessa vinnu svo hægt sé að festa svartbeltispróf með kröfum og slíku. Nefndin þarf þá að búa til "verklýsingu" sem á að nota á svartbeltisprófum á vegum TKÍ. Ramminn er til og því auðveldar það vinnuna. Eduardo verður formaður nefndar.

Greiðsla til félaga vegna móta

Það þarf að endurskipuleggja þessar greiðslur. Greiðslurnar urðu of háar. Við höfum hækkað keppnisgjöld.

Rut nefnir að sjálfboðavinna ár eftir ár, mót eftir mót þá gefst fólk upp.

Gulleik nefnir að það sé hægt að reikna út áður hversu marga starfsmenn þarf og hvað það mun kosta.

Deildirnar þurfa að greiða sínu fólk af þeim peningum sem TKÍ greiðar til deildanna fyrir vinnu á mótum.

Arnar kemur með tillögu um að borga fyrir hvern bardaga.

Kolla nefnir að það sé auðveldar ef félögin senda nöfn starfsmanna fyrirfram þá er hægt að raða starfsmönnum betur niður svo dómgæslan verði betri.

Sigursteinn kemur með tillögu um að verktaki taki að sér að halda mót. Verktakinn fari eftir verklýsingu frá TKÍ. Gæti verið til góðs því það er hægt að græða á mótinu og velskipulagt mót væri öllum til góða.

Karl nefnir að keppnisgjöld hafi hækkað og þar með fækkar keppendum.

Keppnisgjöld hafa hækkað upp í 4500 kr. og það er alltof hátt.

Þurfum að setja þetta upp að það sé aðsóknarvert til að dæma. Nauðsynlegt að hafa góða dómara.

Þurfum að halda námskeið og það er skilyrði að hafa setið námskeið til að geta verið dómari. Þeir sem hafa setið námskeið fá hærri greiðslur en þeir sem hafa ekki setið dómara námskeið. Gulleik kemur með tillögur um að við sendum foreldra á námskeið því það er auka álag ef sami einstaklingur er í öllum hlutverkum, keppandi, dómari, coach og fleira.

Rut kemur með tillögu um að landsliðsfólk sem þiggur styrki frá TKÍ séu að hjálpa til, það sé þeirra skylda.

Umræða um hverjir halda mót og hverjir fá að halda mót.

Fram kom að sá sem heldur mót þurfi að skaffa allan grunn sjálfur eins og sal, dýnur og uppsetning sé tilbúin þegar mótið á að byrja.

Daedo vörur

Kolla nefnir að það sé mikilvægt að deildir kaupi Daedo vörur í gegnum TKÍ því TKÍ fær alltaf góða samninga í staðinn fyrir landsliðsfólk. Það skiptir máli að halda þessum samningi við Daedo.

Inga nefnir að hún sendi spurningar til TKÍ vegna kaupa og fékk engin svör frá TKÍ sem er alls ekki boðlegt.

Kolla segir frá því að hver keppandi þurfi að eiga sínar raftásur, TKÍ ætlar að hætta að skaffa raftásur á mótum. Þegar svörtu raftásurnar detta út þá verða þær ekki endurnýjaðar.

Rætt um að hver keppandi eigi að eiga allar sínar hlífar, brynjur og hjálma. TKÍ þarf að gefa út dagsetningu um það hvenær TKÍ ætlar að hætta að skaffa raftásur svo fólk hafi tíma til að kaupa sér raftásur ef þeir eiga ekki raftásur.

Skráning á mót, lagfæringar og skráningarfrestur

Rætt um skráningar á mót, hægt er að koma með eina athugasemd annars stendur uppsetning mótanefndar. Gengur ekki að fólk sé að senda endalaus pósta. Það er óhjákvæmilegt að sameina einhverja flokka. Rætt um að það séu alltof margir flokkar. Arnar kom með tillögum um sameiningu flokka og hvernig keppendur raðast í A-flokk, B-flokk eða C-flokk. Það er alls ekki raunhæft að hafa D-flokk nema á barnamótum.

Menn ræða um að það sé búið að gjaldfella gullið og næstum því allir fá verðlaun því hóparnir eru svo litlir.

Spurning hvort mótanefnd hafi umboð til að breyta þessum reglum. Rikki bendir á að þessar reglur voru samþykktar á formannafundi í haust og við erum í miðri mótarið og því ekki rétt að breyta þess á miðjum vetri.

Tillaga um að skipta bara í A- og B-flokka hjá cadet og uppúr. Rauðbelti fara þá upp í A-flokka.

Samþykkt að cadet rauðbelti og uppúr raðast í A-flokk í sparring. Í poomse eru rauðbelti áfram í B-flokki. Blátt belt með rauðarönd og lægri belt eru í B-flokki á bikarmótum.

Ítrekað að skráningarfrestur fyrir mót sé lengri. Formaður nefnir að dagsetning móta sé búin að vera á netinu síðan í september svo það á ekki að koma fólk á óvart þegar mót er auglýst. Að vísu hefur boðsbréfið komið í seinna lagi en það tengist líka því að mótanefndi er hætt.

Fram kom spurning hvort félögin geti fengið stigabúnaðinn lánaðan hjá TKÍ til að þjálfa upp sína starfsmenn. Rikki segir að kerfið hafi oft verið lánað út svo það ætti að vera hægt. María kom með

tillögu um að hafa námskeið fyrir tölvufólkið á sama tíma og dómarnámskeiðið verður haldið. Fundarmenn tóku vel í þá tillögu.

Gulleik og Inga yfirgefa fund.

Arnar spyr: "Hvernig stendur á því að mótanefndin er ekki á launum eins og dómara og aðrir starfsmenn?" Félögin borga sínum starfsmönnum en TKÍ greiðir til félaga. Svo virðist sem hluti af greiðslum TKÍ til deilda hafi farið til mótanefndar svo hún hefur fengið eitthvað fyrir sína vinnu sem er gott.

Nefndir innan TKÍ

Kolla spyr hvort stjórn TKÍ eigi að vera í öllum nefndum? Fólk sem bjóði sig í stjórn TKÍ sé ekki að bjóða sig í allar nefndir líka og í að sjá um alla hluti því að væri óheyrlig vinna. Kolla óskar eftir því að það séu stofnaðar nefndir svo þessi vinna dreifist á fleira fólk. Tillaga um að stofna nefndir til að vinna að hinum ýmsu málum. Kolla óskar eftir því að formenn ræði við sitt fólk í deildunum til að vinna í nefndum. Margar hendur vinna létt verk. Jákvætt ef fólk úr nokkrum félögum eru saman í nefndum.

Tveir komnir í mótanefnd, einn úr Ármann og einn úr Keflavík.

Sigursteinn bendir á að nefndir virka ekki, þetta hefur oft verið reynt. Sigursteinn leggur til að notast við verktaka-systemið þar sem hver verktaki vinni eftir verklýsingum frá TKÍ.

Rætt um dómaramálin og verktakahugmyndina. Rifjað upp að það sé í reglum að það eigi að sekta félög sem skaffa ekki starfsmenn, þessi viðurlög hafa ekki verið notuð. Fundarmenn vilja að þessi viðurlög séu notuð. Stjórn TKÍ þarf að vinna í því.

Vania bendir á að við eigum ekki að vera svona upptekin af því í hvaða félagi hver og einn er heldur erum við öll í Taekwondo-fjölskyldunni og verðum að vinna saman. Nýtum styrkleika hvers og eins alveg sama úr hvaða félagi hann/hún er.

Hlynur bendir á að hann sé einn af 26 bestu dómurum í heiminum, hefur dæmt á ólympíuleikum, HM og EM en hann hefur ekki verið styrktur í gengum tíðina og stundum horft framhjá honum.

Kolla bendir á að TKÍ hafi ekki það fjármagn sem að við hefðum óskað okkur og því eru styrkir af skornum skammti. Kolla kemur með þá hugmynd að Hlynur haldi reglulega dómaraæfingarbúðir og fái ágóðan sjálfur til þess að leggja uppí dómaraferðir til að létta undir kostnaðar álagi sem hlýst af slíkum ferðum.

RIG

Kolla segir frá RIG og hversu stór og mikilvæg auglýsing RIG er fyrir taekwondo. Þetta er rosalega flott mót og við verðum að gera miklu meira úr þessu móti, gera það stærra, sterkar og eftirsóknarverða.

Rikki segir frá því að á næsta ári verður taekwondo og karate sama dag í Laugardalshöllinni og því verður sjónvarpað mun meira en hingað til. Þurfum að byrjað að vinna í mótinu strax og dagsetning er komin. Þurfum að vera tilbúin að gera eitthvað fyrir þá sem vilja koma.

Kolla segir frá því að Inga og Antje í Ármann munu vera með utanumhald fyrir RIG 2016.

Fundarmenn sammála því að gera þurfi RIG hærra undir höfði til að nýta þau kynningu sem taekwondo fær í gegnum RIG.

Ársþing TKÍ

Kolla segir frá því að það sé verið að endurskoða lög og reglur TKÍ og samþykkja þurfi þessar reglur á næsta ársþingi sem verður haldið 21. mars.

Hlynur segir frá því að sambandið þurfi að setja kröfur á bæjarfélögin um að þegar þau eru að byggja eða endurnýja íþróttamannvirki þá eigi TKÍ að setja kröfur um að það fái lágmarks aðstöðu fyrir taekwondo iðkun í þessu íþróttamannvirki. Hlynur og Örn ætla að ganga í málin og semja bréf.

Ársþingið TKÍ verður 20. mars 2015. Kolla tilkynnir að hún ætli ekki að bjóða sig fram sem formann og bendir á það að ef einhver vill bjóða sig fram til formanns þá þarf hann að tilkynna framboð sitt. Örn segir frá því að stjórn TKÍ stefni að því að ráða starfsmann á skrifstofuna. Í byrjun verður starfsmaðurinn ráðinn í gegnum Vinnumálastofnun.

Önnur mál

Rut spyr um stöðu á landsliðsþjálfaramálum. Kolla segir frá því að stjórn sé búin ákveða að fara í samningsviðræðum við Chago. Rut spyr í framhaldi hvort bakgrunnur hans og menntun hafi verið kannaður. Hlynur bendir á að fólk í brennidepli sé oft umdeilt. Rætt um umsókn Chago, upp komu neikvæðar raddir og ábendingar um bakgrunn Chago sem fólk vildi ekki útskýra nánar. Stjórn hafði kynnt sér Chago og var sammála um ágæti hans og því komu þessar neikvæðu raddir á óvart. Gefið var í skyn að yfirþjálfarar væru ekki allir tilbúin að vinna með Chago ef hann yrði ráðinn og jafnvel myndu þeir hvetja sína iðkendur til að æfa ekki hjá honum. Þetta rætt en engin niðurstaða fengin.

Sigursteinn spyr um bréf sem hann sendi með fyrirspurn um keppendur á HM. Hann bendir á að það þurfi að velja þessa keppendur sem fyrst.

